

49. fundur bæjarráðs

49. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn fimmtudaginn 17. september 2015 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt: Sandra Dís Hafþórsdóttir, bæjarfulltrúi, D-lista, varaformaður, Kjartan Björnsson, varamaður, D-lista, Helgi Sigurður Haraldsson, bæjarfulltrúi, B-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, S-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sem ritaði fundargerð.

Viðar Helgason, áheyrnarfulltrúi, Æ-lista, boðaði forföll.

Varaformaður leitaði afbrigða til að taka á dagskrá trúnaðarmál. Var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir til staðfestingar	
1.	1501031 – Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar
	17. fundur haldinn 9. september
	Fundargerðin staðfest.
2.	1501028 – Fundargerð fræðslunefndar
	13. fundur haldinn 10. september
	Fundargerðin staðfest.
Almenn afgreiðslumál	
3.	1509052 – Auglýsing Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um byggðakvóta fiskveiðiársins 2015-2016
	Bæjarráð felur framkvæmdastjóra sveitarfélagsins að sækja um byggðakvóta fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri.
4.	1509044 – Styrkbeiðni Samtaka dagforeldra á Suðurlandi, dags. 8. september 2015

	Bæjarráð óskar eftir upplýsingum frá fræðslusviði um fjölda dagforeldra í Árborg og barna í daggæslu, fjárhæðir niðurgreiðslna og gjöld fyrir dagvistun.
5.	<u>1509061 – Beiðni Auðar Lilju Arnbórsdóttur og Hauks Gunnarssonar, dags. 9. september 2015, um umsögn – stofnun lögbýlis að Ásamýri 1</u>
	Bæjarráð óskar eftir umsögn skipulags- og byggingarnefndar.
6.	<u>1506207 – Styrkbeiðni Fischerseturs vegna skákkennsla í Fischersetri 2015-2016</u>
	Bæjarráð óskar eftir kostnaðaráætlun og staðfestingu á því hverjir muni annast kennslu á námskeiðinu og hvenær það muni fara fram.
7.	<u>1503158 – Beiðni Sigtúns þróunarfélags um framlengingu vilyrðis fyrir lóðum í miðbæ Selfoss</u>
	Upphaflegt vilyrði var veitt til sex mánaða með möguleika á framlengingu til sama tíma. Bæjarráð samþykkir framlengingu vilyrðis til sex mánaða.
8.	1509098 – Trúnaðarmál Fært í trúnaðarbók.
Erindi til kynningar	
9.	<u>1509047 – Tillögur af aðalfundi Umf. Selfoss 2015</u> Lagt fram til kynningar.
10	<u>1509078 – Fundur sveitarstjórna og fjárlaganefndar alþingis 2015</u> Lagt fram til kynningar.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:40.

Sandra Dís Hafþórsdóttir		Kjartan Björnsson
Helgi Sigurður Haraldsson		Viðar Helgason

Arna Ír Gunnarsdóttir		Ásta Stefánsdóttir
--------------------------	--	-----------------------